

86 unnu að því að brjóta laxakisturnar 25. júlí 1879, er þetta var borið upp fyrir honum 30. júlí á undan, og aðrar aðfarir hans gagnvart lagabrotum þeim, sem fram eru komin.

Eins og þóknanlega má sjá á umboðsskjalinu, hefir ráðgjafinn verið á sama máli og hjer um það, að engin ástæða sje til að fallast á tillögur hins skipaða rannsóknardómara um, að sleppa því að höfða opinbert mál út af því, að kisturnar voru 25. júlí 1879 brotnar af oddvitum hreppsnefndanna í Seltjarnarness- og Mosfellshreppum ásamt 29 öðrum mönnum, sem þar áttu og heima. Að því leyti sem tillögurnar lútu að því, að tjeð kistubrot hafi farið fram á degi og opinberlega, og að því þeim, sem fyrir skaðanum varð, hafi verið innanhandar að fylgja fram rjetti sínum sjálfur með lögum og dómi, vil jeg geta þess, að með ákæruákvörðuninni í 298. gr. hegningarlaganna, er ekki gjört mikið úr þessu atriði; aptur á móti er ákæra af hendi hins opinbera skipuð, ef brotið hefir verið á móti ákvörðunum um lögreglu eða almennum friði hefir verið raskað. Það virðist mega segja, að hið síðara hafi átt sjer stað, þar sem hin ítrekuðu og yfirgripsmiklu brot á laxakistum Thomsens kaupmanns virðast hafa raskað friðhelgi eignar hans og atvinnu. Þegar nú hjer við bætist, að sú heimildarlausa burttaka á laxakistunum, er hjer ræðir um, virðist frá öðru sjónarmiði að innihalda brot gegn 108. grein hegningarlaganna, sem sætir opinberri ákæru, hefir hið konunglega umboðsskjal verið látið ná til manna þeirra, er hafa verið riðnir við þetta brot, að svo miklu leyti, sem þeir hafa ekki unað við dóm þann, sem áður var upp kveðinn í málinu fyrir hjeradsrjetti, og að svo miklu leyti sem hluttekning þeirra í misferli þessu hefir verið skýrð í dómseptirriti, er ráðgjafanum hefir áður verið sent, eða í prófsseptirritinu.

En ef svo skyldi fara, eptir að búuð er að grafast meir fyrir þetta mál, annaðhvort með tilliti til kistubrots þessa eða annara brota, sem hjer að lútá á hinum optnefndu laxakistum, að ástæða skyldi virðast til að gjöra umboðsskjalið yfirgripsmeira, svo að það næði til fleiri atriða en þar eru tekin fram, gef jeg yður hjer með heimild til fyrir hönd ráðgjafans *ad mandatum* að veita hið yfirgripsmeira umboð.

Jafnframt því að tjá yður, herra amtmaður, hið framanskráða til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstafanar, læt jeg fylgja hið ofan nefnda konunglega umboðsskjal.

87 — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um fje til eflingar búnaði. — Samkvæmt tillögum amtsráðs suðurumdæmisins samþykkist hjer með, að suðurumdæmið fái 3533 kr. 33 a. af fje því, er með 10. gr. C. 4. fjárlaganna er veitt til eflingar búnaði fyrir árið 1881. Af þessu fje hefir þegar verið ráðstafað 300 kr. Af þeim . . . . . 3233 kr. 33 a., sem þá eru eptir, samþykkist að lagðar verði

1. búnaðarfjelagi suðurumdæmisins . . . . .	1500 kr.	
2. til að borga með eptirstöðvar af launum búfræðings Ólafs Ólafssonar . . . . .	700 —	
3. til ýmiss kostnaðar við tilraunir til að varna útbreiðslu sandfoks í Skaptafellsýslu . . . . .	535 —	
4. Jóni Gunnlaugssyni til að nema þilskipasmíði erlendis . . . . .	150 —	2885 — „

Eru þá eptir . . . . . 348 — 33 -  
og mun ítarlegri ákvörðun um, hvernig þessu fje skuli varið, verða gjörð síðar meir.

Þess skal getið, að af þeim 1500 kr., sem getur um undir 1. tölul., hafi 20. 87 f. m. verið ávísað 1000 kr. og upphæðin undir 4. tölul., 150 kr., hefir í dag verið ávísuð 3. ágúst. hlutaðeiganda til útborgunar úr jarðabókarsjóði.

— **Ágrip af brjefi yfirstjórnar póst- og telegraphmálanna til landshöfðingja um 88**  
**póstflutning með norsku gufuskipi.** — Í brjefi þessu skýrir yfirljósnir frá, að 27. ágúst.  
ráðstöfun sje gjörð til þess, að póstur (brjef og krossbandssendingar) verði fluttur með gufuskipinu «Vaagen» frá Stafangri, er gangi milli Noregs og Seyðisfjarðar og Eskifjarðar; verði pósturinn afhentur póstafræðslumanninum á Seyðisfirði, er sjái um frekari flutning hans.

— **Brjef landshöfðingja til póstmeistara um útborgun á póstávisunarpöð.** — 89  
Eftir að hafa meðtekið álit yðar, herra póstmeistari, í þóknalegu brjefi frá 12. þ. m., 29. ágúst.  
vil jeg hjer með samþykka, að þjer greiðið frú Ástríði Melsteð 20 shillings, sem er upphæð póstávisunar, er henni var send frá Dr. C. F. Richardson í Ramsgate með janúarferð póstgufuskipsins Phoenix, en sem ekki hefir komið til skila, af því að skipið fórst í þessari ferð. Samþykki mitt til þessarar útborgunar er bundið því skilyrði, að frú Ástríður Melsteð gefi út tilhlýðilega kvittun fyrir upphæðinni og hún skuldbindi sig til að endurborga hana póstsjóði, ef einhver annar skyldi geta sannað rjett sinn að hinni glötuðu póstávisun, eða ef hin enska póststjórn eða aðrir hlutaðeigendur skyldu ekki taka kvittunina gilda sem nægilegt, sönnunarskjal með tilliti til endurborgunar á upphæðinni.

— **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um 90**  
**þingreið hjeraðslæknis.** — Í brjefi frá 28. maí þ. á. hefir presturinn að Hjaltastað 1. sept.  
sira Björn Þorláksson, farið þess á leit, að jeg sjái um, að læknirinn í 14. læknishjersaði, Þorvarður Kjerulf, er í vor var kosinn 1. þingmaður Norðurmúlasýslu, gefi frá sjer þingmennskuna eða sjái svo um, að fullgildur læknir dvelji stöðugt í umdæmi hans, meðan hann er fjarlægur sakir þingsetu.

Fyrir því vil jeg skora á yður, herra amtmaður, að tjá nefndum presti, að jeg hafi ekki fundið nægilega ástæðu til að gjöra neina breytingu á því fyrirkomulagi á þjónustu nefnds embættis í sumar, er tjedur læknir gerði í vor með samþykki amtsins, en að því er snertir þær þingreiðir nefnds hjeraðslæknis, er síðar kynnu að koma fyrir, vil jeg fela yður, herra amtmaður, að gjöra þær ráðstafanir um þjónustu nefnds læknishjersaðs, sem þörf er á.

— **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um 91**  
**spítalagjald af sildartunnum og af landshlut af sild.** — Í þóknalegu brjefi frá 11. 1. sept.  
f. m. hafið þjer, herra amtmaður, út af erindi frá sýslumanninum í Norðurmúlasýslu lagt þær spurningar undir úrlausn mína, hvort greiða skuli spítalagjald af sildarafla eftir tölu útfluttra sildartunna eða eftir máltunnum, og hvort greiða eigi þetta gjald af þeirri sild, sem látin er af hendi í landshlut.